

Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til að lækka eldsneytiskostnað í millilandaflugi.

Flm.: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Bergþór Ólason.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa lagafrumvarp þar sem kveðið verði á um ráðstafanir sem leiði til þess að eldsneytisverð í millilandaflugi lækki.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er nú flutt í sjötta skipti. Hún var síðast lögð fram á 153. löggjafarþingi (847. mál) af Önnu Kolbrúnu Árnadóttur en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram óbreytt.

Samkvæmt lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011, skal jafna flutningskostnað á olíuvörum eins og nánar er þar kveðið á um. Markmið laganna er að tryggja að eldsneytisverð sé hið sama um allt land til að jafna búsetuskilyrði og samkeppnisstöðu fyrir-tækja.

Jöfnun á flutningskostnaði á hins vegar ekki við um eldsneyti sem er ætlað til útflutnings og fellur þar undir eldsneyti til millilandaflugs og því er eldsneyti dýrara á millilandaflugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum heldur en í Keflavík og Reykjavík.

Með tillögu þessari er lagt til að innviðaráðherra undirbúi í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra lagafrumvarp í þá veru að breyting verði á til að verð á eldsneyti í millilandaflugi lækki. Slík breyting mundi styrkja stöðu ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og ýta undir dreifingu ferðamanna um landið enda gegna Akureyrarflugvöllum og Egilsstaðaflugvöllum hlutverki sem varaflugvellir líkt og Reykjavíkflugvöllum gerir og eðlilegt að sama verð sé á eldsneyti á þessum þremur flugvöllum.